

# Lög Austurlandsdeildar VFÍ

## 1. gr.

Félagið heitir Austurlandsdeild Verkfræðingafélags Íslands, félags verkfræðinga og tæknifræðinga (AVFÍ) og hefur aðsetur á Austurlandi. Félagið er landshlutadeild í Verkfræðingafélagi Íslands, sbr. 14.gr laga VFÍ.

## 2. gr.

Markmið félagsins er:

- að efla verkfræðilega og vísindalega þekkingu félagsmanna,
- að auka gagnkvæm kynni þeirra,
- að stuðla að tækniþróun á félagasvæðinu.

## 3. gr.

Félagið vinnur að markmiðum sínum m.a. með því:

- að halda fundi um áhugamál félagsmanna,
- að halda uppi fræðslustarfsemi með erindaflutningi og námskeiðum,
- að efna til skoðunarferða,
- að hafa tengsl við samtök annarra verkfræðinga og tæknifræðinga héraendis og erlendis.

## 4. gr.

Félagar geta orðið allir félagsmenn Verkfræðingafélags Íslands, sem eru búsettir á Austurlandi, bæði verkfræðingar og tæknifræðingar.

## 5. gr.

Úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu skal tilkynna stjórn þess.

Gangi félagi úr Verkfræðingafélagi Íslands, glatar hann samtímis félagsaðild að Austurlandsdeild VFÍ.

## 6. gr.

Félagið í heild eða einstakir félagar þess mega ekki koma fram opinberlega í nafni VFÍ, nema að fengnu samþykki stjórnar VFÍ.

AVFÍ hefur ekki sjálfstæðan fjárhag og getur ekki skuldbundið VFÍ fjárhagslega og gagnkvæmt. Sem deild í VFÍ á AVFÍ rétt á fjárframlögum frá VFÍ til einstakra verkefna sem deildin ræðst í sé þess farið á leit af hálfu AVFÍ og sé þess þörf að mati VFÍ.

## 7. gr.

Öðrum félögum í VFÍ er heimill aðgangur að fundum AVFÍ. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum en ekki atkvæðisrétt.

## 8. gr.

Halda skal fundi, þegar tilefni er til, og a.m.k. einn skemmti- og gleðskaparfund á ári, sem félögum er heimilt að bjóða gestum á. Ritari heldur gerðarbók um það, sem fram fer á fundum félagsins. Án samþykkis fyrirlesara og stjórnar félagsins má engar skýrslur birta um það, sem fram hefur farið á fundi.

## 9. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Hann skal haldinn

Fyrir lok marsmánaðar ár hvert og boðaður skriflega eða rafrænt með a.m.k. sjö daga fyrirvara.

Dagskrá fundarins skal birt í fundarboðinu, svo og allar tillögur, sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum. Aðalfundur er löglegur, sé löglega til hans boðað, án tillits til fundarsóknar.

**10. gr.**

Á aðalfundi skal tekið fyrir:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Tillögur frá stjórn eða félagsmönnum.
3. Kjör stjórnar.
4. Önnur mál.

**11. gr.**

Aukaaðalfund skal halda, þegar stjórninni þykir ástæða til eða 10 félagsmenn óska þess skriflega. Hann skal boða með sama hætti og aðalfund. Slíka fundi skal halda á tímabilinu 15. sept. til 15. maí.

**12. gr.**

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum. Hún skal kosin til tveggja ára í senn þannig, að annað árið er kosinn formaður og tveir meðstjórnandinn og hitt árið tveir meðstjórnendur. Kjósa skal einn varamann árlega. Stjórn skiptir með sér verkum.

Stjórnin kys árlega varaformann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Forfallist formaður á kjörtímabilinu, skal varaformaður taka sæti hans. Formaður getur boðað varamann á stjórnarfundum, þegar þess er talin þörf.

**13. gr.**

Félagsstjórn heldur fund, þegar formaður ákveður eða einhver stjórnarmanna óskar. Formaður stýrir fundum. Ritari skráir gerðir stjórnarinnar í þar til gerða bók. Félagstjórn ber að halda nákvæma skrá um félagsmenn, er greinir nafn þeirra, stöðu og heimili. Stjórn getur falið skrifstofu VFÍ að annast fjármál, reikningskil og félagatal deildarinnar.

**14. gr.**

Sérhver félagsmaður er skyldur til að verða við kosningu til starfa í félaginu, nema gild forföll hamli, en getur neitað endurkjöri jafnlangan tíma og hann hefur gegnt störfum.

**15. gr.**

Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi. Til lagabreytinga þarf 2/3 greiddra atkvæða. Lög félagsins og breytingar á þeim öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa hlotið staðfestingu á aðalfundi Verkfræðingfélags Íslands.